66. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni,

haldinn í stofu íslenskra fræða, föstudag, 30. september, 2011 kl. 12.45

Í upphafi fundar var snæddur hádegisverður í mötuneytinu.

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, formaður, Edda Antonsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Halldór Páll Halldórsson, skólameistari, Páll M. Skúlason, aðstoðarskólameistari, Valgarður Reynisson, fltr. kennara, Alda Magnúsdóttir, stallari, fltr. nemenda í forföllum Héðins Haukssonar og Engilbert Olgeirsson, nýr fltr. foreldraráðs. Margeir Ingólfsson og Unnur Brá Konráðsdóttir voru fjarverandi.

Fundarefni:

1. Reikningsskil mötuneytisins vegna rekstrartímabilsins 1. ágúst 2010-31. júlí 2011
2. Nemendur og aðsókn – tölfræði
3. Rekstrarniðurstaða ársins 2010
4. Gjaldskrá heimavista o.fl.
5. 50 ára afmæli Hótel Eddu ML og 30 ára afmæli FSu – gjafir
6. ML 60 ára 12. apríl 2013. Hvernig skal þess minnst ?
7. Frá sjálfsmatsnefnd – Starfsaðstaða og líðan
8. Til kynningar:
9. Önnur mál

Formaður setti fund og bauð nýjan fulltrúa foreldraráðs sérstaklega velkominn, svo og stallara.

1. Reikningsskil mötuneytisins vegna rekstrartímabilsins 1. ágúst 2010-31. júlí 2011

Skólameistari dreifði Ársreikningi 1. ágúst, 2010 til 31. júlí, 2011**. (fskj. 1)**
Undir þessum lið sat G. Erna Halldórsdóttir, gjaldkeri, fundinn og gerði grein fyrir reikningnum ásamt skólameistara. Svöruðu þau spurningum um einstaka liði.
M. a. kom fram að hagnaður af rekstri er 1.6%, sem telst í minna lagi.
Reikningurinn var staðfestur.

2. Nemendur og aðsókn – tölfræði

PMS dreifði blaði með lítilsháttar upplýsingum um nemendur, bæði nýnema og nemendahópinn í heild – þróun nemendafjölda, hvaðan nemendur koma, kynjaskiptingu, o.fl. **(fskj. 2)**
Til kynningar.

3. Rekstrarniðurstaða ársins 2010

Skólameistari dreifði Ársreikningi 2010 **(fskj. 3)**, gerði grein fyrir honum og svaraði fyrirspurnum um einstaka liði.
Rekstrarafgangur reyndist vera tæpar 8 milljónir.
Til kynningar.

4. Gjaldskrá heimavista o.fl.

Skólameistari dreifði samantekt um leiguverð í framhaldsskólum eins og frá því er greint á heimasíðum þeirra **(fskj. 4)**
Hann fór yfir blaðið og skýrði efni þess. Hann kvað augljóst af þessum upplýsingum að leigugjald á heimavistinni væri lágt. Rætt var hvort þörf væri á að hækka leigugjaldið, en samþykkt að halda leiguverði óbreyttu, en endurskoða það síðan á vorfundi.

5. 50 ára afmæli Hótel Eddu ML og 30 ára afmæli FSu – gjafir

Formaður greindi frá að Fsu hefði verið færður blómvöndur í tilefni afmælisins.
Skólameistari fjallaði um 50 ára afmæli Hótel Eddu-ML, sem er fagnað allt þetta ár. Kvað hann samstarfið við hótelkeðjuna hafa verið afskaplega gott og hún hefði reynst skólanum vel. Rætt var um mögulega gjöf þeim til handa af þessu tilefni. Skólameistara var falið að vinna málið og afhenda gjöf.

6. ML 60 ára 12. apríl 2013. Hvernig skal þess minnst ?

Opnar umræður fóru fram um málefnið og töldu menn mikilvægt að gera eitthvað til að minnast þessara tímamóta. Helst var rætt um að beina athyglinni að gömlum nemendum og nýjum. Auk þessa var nefnd áhersla á kynningu á skólanum út á við.

7. Frá sjálfsmatsnefnd – Starfsaðstaða og líðan
Páll kynnti frumniðurstöður könnunar meðal starfsfólks frá síðasta vori.

8. Til kynningar:
a. Það sem framundan er í endurbótum s.s. skólatöflur og húsgögn. Framkvæmdir ársins. Skólameistari kynnti það sem að þessu lýtur.

b. Stefnumótunin – staðan.
Skólam. hafði framsögu um hvar vinnan er á vegi stödd. Þar eru margar hugmyndir í gangi og viðhorf, en ekki liggur niðurstaða fyrir enn. Áfram er unnið og að mjög mörgu að hyggja við að móta stefnu af þessu tagi.

c. Aðalfundur Foreldrafélags ML - FOMEL 25. sept.
Engilbert greindi frá fundinum og því sem þar fór fram. Áfram sitja Kristjana Gestsdóttir og Geirþrúður Sighvatsdóttir í stjórninni en Engilbert kom nýr inn í stað Maríu Magnúsdóttur. Engilbert fjallaði um ýmislegt sem lýtur að skólanum og sem rætt hefur verið á vettvangi félagsins og stjórnar, m.a. um grænfánann og íþróttalíf innan skólans. Hann hvatti skólann til að nýta slagkraft foreldra.
Alda greindi frá því hvernig íþróttamálum er háttað innan Mímis.
Skm tók undir orð Engilberts um stuðning foreldra við skólastarfið. Hann kvað íþrótthúsið vera mjög ásetið og þröngt um tíma þar, en jafnframt að íþróttalíf innan skólans væri öflugt.

d. Frjáls hugbúnaður - Moodle.
Skólameistari greindi frá því að Námskjár er ekki lengur notaður, sem náms- og kennsluumhverfi. Í staðinn hefur verið tekinn upp ókeypis hugbúnaður sem á að gegna sama hlutverki. Ingibjörg Kolka er verkefnisstjóri við innleiðingu á þessum hugbúnaði.

e. Móttaka Grænfánans 2. sept. og upphaf verkefnisins Heilsueflandi framhaldsskóli 9. sept.
Skólam. kynnti og fjallaði um þessi verkefni.

10. Endurvakning Kórs ML.
Skólam. kynnti: Nú eru 56 nemendur skráðir í kórinn, en stjórnandi er Eyrún Jónasdóttir. Þessu var fagnað.

9. Önnur mál
a. Samningur við Bláskógabyggð – ávextir á morgnana til leikskóla og grunnskóla á Laugarvatni.
Skólam. greindi frá fyrirhuguðum viðauka við samning við sveitarfélagið.

b. Starfsmannalisti
Skólam. dreifði starfsmannalista fór yfir hann og þær breytingar sem orðið hafa.

c. Forvarnardagurinn 5. okt. n.k.
Skólameistari kynnti daginn og greindi frá því sem gert verður innan skólans í tilefni af honum.

Fundi slitið kl 15.00

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason